

**Drög að frumvarpi til laga  
um breytingar á lögum um stjórn fiskveiða  
nr. 38 1990, með síðari breytingum**

---

1. gr.

Lokamálsliður 5. gr. laganna fellur brott.

2. gr.

6. gr. laganna fellur brott.

3. gr.

Orðin „eða krókamarks og veiðidagar ekki til sóknardaga“ í síðari mgr. 6. gr.a í lögnum falla brott.

4. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 7. gr. laganna:

a. 2. mgr. orðast svo:

Veiðiheimildum á þeim tegundum, sem heildarafli er takmarkaður af, skal ráðstafað til einstakra skipa. Aflahlutdeild skips nefnist sú hlutdeild af leyfðum heildarafla tegundarinnar sem skráð er á viðkomandi skip á hverjum tíma.

b. Í stað 3. mgr. koma tvær nýjar málsgreinar sem orðast svo:

Aflahlutdeild, sem skráð er á hvert fiskiskip í lok fiskveiðiárs, skal yfirfærð á nýtt fiskveiðiár að fjórum fimmtu hlutum. Sá fimmtungur aflahlutdeilda, sem þannig er óráðstafað, skal boðinn upp til sölu. Kvótapiing skal standa fyrir almennum uppboðum skv. þessari málsgrein. Ráðherra skal með reglugerð ákveða skilmála uppboðanna og setja nánari ákvæði um framkvæmd þeirra. Uppboð skulu fara fram í tæka tíð fyrir upphaf hvers fiskveiðiárs, þó þannig að tilboðum sé skilað eigi fyrr en 10. ágúst. Rétt til þátttöku í uppboðunum hafa eigendur þeirra skipa sem hafa veiðileyfi samkvæmt 5. gr. Í tilboðum skal taka fram fyrir hvaða skip tilboðin eru gerð. Þegar tilboðum er tekið skal taka tillit til ákvæða 11. gr. a.

Tekjur af uppboðum aflahlutdeilda renna í ríkissjóð.

c. Orðin „sbr. þó ákvæði 9. gr.“ í 4. mgr., sem verður 5. mgr., falla brott.

5. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 8. gr. laganna:

a. Á eftir orðunum „skal aflahlutdeild“ í 1. mgr. kemur: í upphafi.

b. Í stað 2. mgr. koma tvær nýjar mgr. sem orðast svo:

Sé meðalafli á þeim þremur veiðitímabilum, sem veiðireynslan miðast við, lægri en sá heildarafli sem ætlunin er að heimila, skulu heildaraflahlutdeildir, sem ráðstafað er samkvæmt 1. mgr., vera jafnar hlutfalli meðalafla síðustu þriggja veiðitímabila af leyfðum heildarafla. Þær aflahlutdeildir, sem þá er óráðstafað, skulu boðnar upp í samræmi við ákvæði 3. mgr. 7. gr.

Ákvæði þessarar greinar eiga aðeins við fyrsta veiðitímabilið eftir að veiðar eru takmarkaðar. Eftir það gilda almenn ákvæði 7. gr.

6. gr.

9. og 10. gr. laganna falla brott.

7. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 11. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „úthluta“ í 1. málslíð 1. mgr. kemur: ráðstafa.

b. 6. mgr. orðast svo:

Heimilt er að framselja aflahlutdeild skips að hluta eða öllu leyti og sameina hana aflahlutdeild annars skips, enda leiði flutningur aflahlutdeildar ekki til þess að veiðiheimildir þess skips, sem flutt er til, verði bersýnilega umfram veiðigetu þess. Tafarlaust skal leita staðfestingar Fiskistofu á að flutningur aflaheimildar sé innan heimilaðra marka. Öðlast slíkur flutningur ekki gildi fyrir en staðfesting Fiskistofu liggur fyrir.

8. gr.

Í stað tveggja síðustu málslíða 11. gr. b í lögunum kemur nýr málslíður er orðast svo: Í upphafi næsta fiskveiðiárs eftir lok frestsins skal skerðingin bætast við aflahlutdeildir sem boðnar eru upp samkvæmt ákvæðum 3. mgr. 7. gr.

9. gr.

12. gr. laganna orðast svo:

Heimilt er að færa aflamark milli skipa.

10. gr.

18. gr. fellur brott.

11. gr.

Ákvæði til bráðabirgða með lögunum, önnur en ákvæði XXII, falla brott.

12. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. september árið 2000.

Ákvæði 7. gr. öðlast þó þegar gildi. Sú skerðing aflahlutdeilda, sem 3. mgr. 7. gr. kveður á um, kemur fyrst til framkvæmda við upphaf fiskveiðiársins 2000/2001 og miðast við þær aflahlutdeildir sem hvert skip hefur í lok fiskveiðiársins 1999/2000.